

þykki forstöðumanns sýslumannsembættisins í Gullbringusýslu. Ber að greiða meðdómsmönnum þóknun, og þykir þóknun þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin 16.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Þóknun meðdómsmannanna Garðars Gíslasonar og Más Péturssonar í aukadómpingsmáli nr. 277/1983 í Gullbringusýslu skal vera 16.000,00 til hvors.

Mánudaginn 1. apríl 1985.

Nr. 75/1985. **Ákærvaldið**

gegn

**Páli Konráði Konráðssyni Þormar**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 27. mars 1985, sem barst Hæstarétti 28. s.m. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

**Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 26. mars 1985.**

Ár 1985, þriðjudaginn 26. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að Páli Konráði Konráðssyni Þormar, til heimilis að Hverfisgötu 32B, Reykjavík, fæddum 2. júlí 1953, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 10. apríl n.k., kl. 17:00.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

*Málavextir eru þessir:*

Sl. fimmtudagskvöld var stolið veski, sem í var ávísanahefti á Samvinnubankann á Selfossi. Var kærði handtekinn sl. laugardag í bifreið, og fannst staðgreiðslunóta í bifreiðinni frá Tómtundahúsinu, sem leiddi til þess, að RLR fékk afhentan tékka frá versluninni að fjárhæð kr. 6.000, útgefinn af Ragnari Björnssyni f.h. Fagverks h.f. Var tékkinn dagsettur 22. þ.m. og framseldur af Barböru Howard, nnr. 0969-8795, til Tómtundahússins. Í ljós kom, að tékkinn var úr hinu stolna tékkhefti.

Barbara Ann Howard, Grensásvegi 58 hér í borg, hefur við yfirheyrslur hjá RLR játað að hafa að beiðni kærða farið í ýmsar verslanir sl. föstudag og laugardag og selt 8-12 tékka, samkvæmt fyrirsögn kærða, úr tékkhefti, sem kærði hafði í fórum sínum og í voru 24 eyðublöð. Hafi flestir tékkarnir verið að fjárhæð kr. 6.000. Jafnframt hefur hún borið að kærði hafi útvegað stimpil með nafninu Fagverk s.f., sem hann hafi stimplað á tékkana, eftir að hún hafði ritað nafn útgefanda. Við húsleit á heimili kærða sl. sunnudagskvöld fundust sokkar, sem keyptir voru í einni versluninni. RLR hafa borist tveir tékkar úr umræddu tékkhefti.

Kærði hefur þverneitað að eiga nokkra aðild að máli þessu.

Samkvæmt framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir rétt að taka kröfu RLR til greina, enda er kærði undir rökstuddum grun um brot gegn XVII. og XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sem getur varðað hann fangelsisrefsingu, og eru því ákv. 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi eigi til fyrirstöðu. Kærði skal þó eigi sæta gæsluvarðhaldi lengur en til miðvikudagsins 3. apríl n.k., kl. 17:00.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Kærði, Páll Konráð Konráðsson Þormar, skal sæta gæsluvarðhaldi, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 3. apríl 1985, kl. 17:00.